

REGLUGERÐ

um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúræði.

1. gr.

Eftirfarandi nám og námskeið teljast til vinnumarkaðsúræða skv. 12. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum:

- a. Nám innan framhaldsfræðslu á grundvelli námskrár sem er vottuð, sbr. lög um framhaldsfræðslu.
- b. Starfstengt nám sem fram fer á vegum fræðslustofnana atvinnulífsins.
- c. Annað nám og önnur námskeið en þau sem falla undir a- eða b-lið og fram fara á vegum símenntunarmiðstöðva.
- d. Námskeið/nám sem ekki verður metið til eininga og fram fer á vegum endurmenntunarstofnana á háskólastigi.
- e. Námskeið sem fram fer á vegum endurhæfingarmiðstöðva.
- f. Annað nám og önnur námskeið en nám/námskeið sem fellur undir a–e-lið sem líklegt er að styrki atvinnuleitendur á vinnumarkaði að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Nám sem er lánshæft samkvæmt reglum Menntasjóðs námsmanna, hvort sem það fer fram í dag- eða kvöldskóla, sem og fjarnám telst þó ekki vinnumarkaðsúræði skv. d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir, að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1223/2015, um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúræði.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. september 2020.

Ásmundur Einar Daðason.

Bjarnheiður Gautadóttir.